



Örvun 7-9 mánaða barns



Hvatning

Vera saman, njóta þeirra breytinga sem verða með auknum þroska.

Leika, tala saman, syngja, veltast um.

Hreyfing

Toga sig upp til að sitja og styrkja háls og kvið í leiðinni. Sitja sjálft og leika sér, finna jafnvægið með því að styðja sig fram og til hliðanna, rétta sig af.

Komast sjálft yfir á magann úr sitjandi stöðu, hreyfa sig um á maganum og setjast sjálft upp aftur. Kynnast þannig tilgangi þess að komast úr einni stöðu yfir í aðra og styrkja handleggi, axlir, bol og mjaðmir í leiðinni.

Standa og halda sér til að fá tilfinningu fyrir uppréttri stöðu og styrkja bol, mjaðmir og fótleggi.

Umhverfi

Slá saman tveimur kubbum, naga, slá í borð. Henda niður, horfa á eftir, taka við aftur, henda niður ...

Apa eftir einfaldar hreyfingar og hljóð. Hlusta á tif í klukku eða sön/rödd í síma.

